

FRÆÐSLUNEFNDARFUNDUR MÁNUDAGINN 13. OKTOBER 2014 HALDINN Á
KIRKJUBÆJARSTOFU

NR FUNDAR:134

Mættir: Auðbjörg B. Bjarnadóttir, formaður, Sverrir Gíslason, varaformaður, Arndís Jóhanna Harðardóttir, Ragnheiður Hlín Símonardóttir, Eyrún Elvarsdóttir, ritari.

Fræðslunefnd kl. 9:00

Formaður setur fund og býður nefndarmenn velkomna. Síðan er gengið til dagskrár.

Eyrún Elvarsdóttir vikur af fundi. Ragnheiður Hlín tekur við ritun fundargerðar á meðan Eyrún vikur af fundi.

1. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók

2. Erindi til formanns fræðslunefndar dagsett, 09.10.2014. Efni: ábendingar vegna Heilsusleikskólans Kærabæjar. Ábendingum komið áfram til staðgengils leikskólastjóra sem og Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Heilsuleikskólinn Kærabær kl. 9:15

Mætt eru: Guðrún Sigurðardóttir starfandi leikskólastjóri Heilsuleikskólans Kærabæjar og Sunneva Kristjánsdóttir fulltrúi foreldra leikskólabarna. Sunneva vikur af fundi.

1. Erindi:

Formaður greinir frá erindum sem borist hafa til fræðslunefndar vegna Heilsuleikskólans Kærabæjar.

2. Ráðgjöf Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu:

Rætt um málefni Heilsuleikskólans. Í framhaldi af erindum sem hafa borist og umfjöllun um málefni leikskólans er ákveðið að sækja um ráðgjafþjónustu til Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, í samráði við starfandi leikskólastjóra. Formanni falið að ganga frá beiðni þess efnis.

3. Sunneva og Eyrún mæta aftur til fundar, og Eyrún tekur aftur við fundarritun.

Fundartímar vetrarins lagðir fram. Formaður fræðslunefndar kynnir drög að fundartímum vetrarins sem send verður á nefndarmenn og fulltrúa.

4. Önnur mál: Guðrún upplýsir um að Þórunn sé í leyfi samkvæmt ráðningasamningi núna út október og jafnvel fram í miðjan nóvember og Ólöf Birgisdóttir ráðin í afleysingar. Guðrún er starfandi leiksskólastjóri í fjarveru Þórunnar. Bréf frá foreldrum leiksskólans mótttekið dagsett 24.september 2014, efni: endurbætur og viðhald. Nefndin tekur undir efni bréfsins og kemur því í hendur sveitastjórnar Skaftárhrepps að fylgja eftir

AJM
RHS
ABB
S.G.
EF

nauðsynlegum úrbótum á lóð leikskólans sem og athugasemdum frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

Kirkjubæjarskóli á Síðu

Mætt eru: Kjartan Kjartansson, skólastjóri, Karítas Kristjánsdóttir fulltrúi kennara, Þórunn Edda Sveinsdóttir, fulltrúi foreldra.

1. Bréf frá MMR. Dagsett 29 september 2014. Úttekt á starfsemi Kirkjubæjarskóla. Hanna Hjartardóttir hefur verið skólanum til handar varðandi umbótaáætlun. Hópurinn samanstendur af: skólastjóra, fulltrúi kennara, fulltrúi fyrir hönd foreldra, og fulltrúi nemenda. Verið er að vinna að endurskoðaðri umbótaáætlun.
2. Efni til kynningar varðandi skólanámsskrá:
 - a. Áætlun um móttöku nýrra nemenda við Kirkjubæjarskóla, skólastjóri kynnir áætlunina.
 - b. Kynning á tillögu að sameiginlegri ástundunar og skólasóknar einkunn í skólum Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallarsýslu. Það er ekki búið að taka upp kerfið hjá Kirkjubæjarskóla en Kjaran er búinn að kynna þetta fyrir kennurum og mun kynna fyrir foreldrum og nemendum á næstunni. Góðar umræður sköpuðust og er plaggið áfram í vinnslu.
3. Nýr starfsmaður:

Skólastjóri greinir frá því að Helga G. Sigurjónsdóttir hefur tekið til starfa sem skólaliði og er boðin velkomin til starfa.
4. Fundartímar vetrarins lagðir fram:

Formaður fræðslunefndar kynnir drög að fundartímum vetrarins sem send verður á nefndarmenn og fulltrúa.
5. Önnur mál:

Skólastjóri kynnir að Katrín Þorsteinsdóttir félagsmálastjóri og Edda Antonsdóttir deildarstjóri skólaþjónustunnar ætla að vera með kynningu í skólanum 30. okt. 2014 á starfssemi Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Fundargerð Foreldrafélags Kirkjubæjarskóla lögð fram.

Tónlistarskóli

Brian Roger Haroldsson skólastjóri tónlistarskólans mætir á fundinn.

1. Málefni tónlistarskólans:

20 nemendur skráðir á skólaárinu 2014-2015.

ASJ
RH
ASJ
S.G.
EE

Starf framundan: Uppskeruhátíð, Jólatónleikar 16.des.2014, vortónleikar.

Brian viðrar hugmyndir að stofna áhugamannafélag/velunnara foreldra barna í tónlistarskólanum.

2. Fundartímar vetrarins lagðir fram:

Formaður fræðslunefndar kynnir fundartíma fræðslunefndar fyrir veturinn 2014-2015.

3. Önnur mál

Brian greinir frá því að hugsanlegt verkfall félags tónlistarkennara sé framundan. Verkfallið áætlað 22.okt.2014.

Tæki og búnaður; Brian langar til að sækja um fjármagn til að kaupa hljóðfæri fyrir tónlistarskólann. Brian sendir umsókn til formanns fræðslunefndar sem fyrst.

Samstarf milli tónlistarskóla Víkurskóla og tónlistarskóla Kirkjubæjarskóla heldur áfram eins og áður.

Fræðslunefnd

3. Önnur mál

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 12:20

Arndís J. Hardardóttir
Ragnheiður Elín Simonardóttir
Elín Elvandsdóttir
Nemur Láðlaug
Elín Elvandsdóttir.